

Akureyri 1. október 2019

1. fundur stjórnar á starfsárinu, haldinn í Naustaskóla

Mættir eru (bekkur barns/a): Fanney Bergrós Pétursdóttir formaður (6.+8.), Anna Lilja Gunnlaugsdóttir(5.+8.), Kolbrún Ósk Eðvarðsdóttir (1.), Rósa María Rúnarsdóttir (2.), Haukur Örn Dýrfjörð (7.), Kristín Þöll Þórsdóttir (10.), Sigurveig Björg Harðardóttir (3.+5.) .

Fyrsta mál á dagskrá var að kjósa gjaldkera og var Anna Lilja Gunnlaugsdóttir kosin með öllum greiddum atkvæðum.

Fanney stakk upp á að Haukur Örn tæki sæti fyrir okkar hönd í stjórn Samtaka, samtök foreldrafélaga úr öllum grunnskólum á Akureyri. Samtaka er einnig tengiliður foreldrafélaga við Heimili og skóla. Haukur ætlar að hugsa málið. Kolbrún var fulltrúi okkar í Samtaka á síðasta starfsári og sagði okkur frá starfinu. Ingibjörg fyrrverandi formaður bað Sigurlaugu fyrrverandi stjórnarmeðlim foreldrafélagsins að taka saman upplýsingar frá Samtaka fundum og velta því upp hvort fundirnir hafi verið markvissir. Fanney tók að sér að heyra í Ingibjörgu hvort þetta hafi verið gert, bíður eftir svari.

Talsverð umræða var um dræma þátttöku í foreldrasamstarfi skólans, t.d. vantaði mikið upp á að það kæmi einn fulltrúi frá hverju heimili á aðalfund foreldrafélagsins og erfiðlega hefur gengið að fá foreldra til að skipuleggja og mæta á bekkjarkvöld. Aldrei hefur tekist að koma á reglulegur foreldrarölti í hverfinu okkar. Rætt var að hugsanlega mætti laða fleiri á aðalfundinn með áhugaverðum fyrirlestri.

Halda foreldrabekkjarkvöld (t.d.kahoot/pupquiz/skólaquiz) þar sem foreldrar 1.-3. Bekkjar (yngsta stig), 4.-7. bekkjar (miðstig) og 8.-10. bekkjar(efsta stig) myndu hittast og spjalla/spila, fulltrúar bekkjanna í foreldrafélaginu myndu halda utan um skipulagningu og boðun kvöldanna (þá hittast þessir fulltrúar stiganna og skipuleggja með aðstoð facebook síðu foreldrafélagsins) og stefnt er að því að halda þessi kvöld í október. Stofna þarf Facebook síður fyrir aldurstigin (held að skólastjórnendur geri það og að það séu til síður fyrir alla árganga, ég skal tékka á því - innslag Fanney) og hvetja foreldra til að skrá sig inn á þær.

Varðandi foreldraröltið væri hugsanlega hægt að biðja foreldra 7. bekkjar og upp úr að skrá sig á ákveðnar dagssetningar, þannig að fólk sæi að þetta væru þá ekki nema 1-2 kvöld á önn sem fólk þyrft að röltu, kjörið fyrir foreldra til að styrkja tengslin og skólasamfélagið.

Fanney sagði frá fundi með stjórnendum skólans vegna afmælishátíðar Naustaskóla en þann 28. nóvember n.k. verða 10 ár frá því að Naustaskóli var vígður. Þann dag verður uppbrotsdagur með stöðvum víða um skólann. Foreldrar verða hvattir til að

vera með einhverjar stöðvar eða leggja til hráefni. Harpa Birgisdóttir bauðst til að vera með hárgreiðslustöð og að skoða tilboð á pizzum menn til að athuga hvort hægt er að fá hagstætt tilboð til að hægt sé að bjóða krökkunum upp á pizzu í hádeginu. Foreldrafélagið mun hjálpa til með kostnað sem hlýst af afmælisfögnuðinum þar sem skólinn hefur ekkert aukafjármagn til afmælishaldanna. Skólinn verður opinn frá kl. 14-16 á afmælisdaginn og allir velkomnir, Fanney talar við stjórnendur um hvort hægt sé að hafa opnunina frá kl. 14-17 svo fleiri eigi möguleika á að koma. 10. bekkur verður hugsanlega með fjáröflunar vöflusölu og leiðsögn/fararstjórn um skólann.

Anna Lilja mun á næstunni stofna kröfur vegna árgjalds í foreldrafélagi, ætlar jafnvel að stofna kröfurnar sjálf og spara þar með félaginu u.þ.b. 40.000,-, en það er tímafrekt og óvíst hvort hún hefur tíma í það, mögulega vill hún aðstoð. Félagið á rúmlega 400.000,- núna.

Fara þarf yfir árgangasiður á Facebook (minnum á þetta í punktunum sem við sendum í gegnum Mentor á alla foreldra barna í bekkjunum og bæta inn foreldrum sem ekki eru þar og taka út foreldra sem ekki eru lengur með börn í árgangnum. Framvegis verða settir punktar frá fundum stjórnar inn á Facebook síður árganganna og inn á Facebook síðu foreldrafélagsins. Punktar þessa fundar verða:

-Foreldrafélagið hvetur foreldra til að láta börnin sín ekki verða vitni að neikvæðri umræðu um skólann, ef einhver óánægja eða spurningar er varðandi námið og skólasamfélagið er eðlilegt að snúa sér til skólastjórnenda og kennarar.

-Borið hefur á því að verið sé að stela og skemma hjól á Akureyri og meðal annars er vitað um dæmi það sem önnur gjörðin var hálf losuð þannig það hefði getað valdið slysi, einnig tók barnið eftir að dekkið var loftlaust. Farið var með hjólið í viðgerð og þar var foreldrum sagt frá þessum skemmdarverkum á hjólum í bænum. Gott væri að þetta væri rætt heima og ef börnin temdu sér að skoða hjólin áður en lagt er af stað.

-Foreldrafélagið vill að lokum minna á facebooksíður árganganna, það eiga allir árgangar sína facebooksíðu og heitir hún fyrir t.d. árgang 2006 – 2006 árgangur Naustaskóla - Þar munu koma inn þrjú mikilvægir punktar frá foreldrafélaginu að loknum hverjum foreldrafélagsfundi.

Okkur langar einnig að nefna síðu foreldrafélagsins á facebook
<https://www.facebook.com/ForeldrafelagNaustaskola/>

Þar munu koma inn fundargerðir og punktar/áminningar frá foreldrafélaginu

Einnig koma inn fundargerðir foreldrafélagsins á heimasíðu skólans -
<http://www.naustaskoli.is/is/foreldrar/fundargerdir-foreldrafelags>

Fanney tók að sér að setja punktana inn fyrir 6.bekk, Anna Lilja tók að sér 5.bekk, Anna Sjöfn 8.bekk, Kolla 1.bekk, Sigurveig 3.bekk, Haukur 7.bekk, Kristín Þöll 10.bekk. Fulltrúa vantar fyrir 2. 4. 9. Bekk og við í foreldrafélaginu eigum fulltrúa fyrir

alla bekki, endilega bjóðið ykkur fram. Fanney ætlar að setja upp punktana svo allir geti sett inn sama form á sína árgangasiðu.

Á næstunni munu skólastjórnendur hafa samband við foreldra (Bryndís skólastjóri búið að svara Fanney og þau fara í málið- innslag Fanney) vegna bekkjarkvöld, verða þeir foreldrar beðnir að fá aðra foreldra með sér í skiplagningu á bekkjarkvöldu. Foreldrafélagið hvetur til að bekkjarkvöld haustannar verði haldin í október, síðasta lagi um miðjan nóvember þar sem erfiðara er að ná fóki saman í nóvember og desember. Foreldrafélagið leggur hverjum bekk til krónu 20.000,- vegna bekkjarkvölda.

Fanney fór yfir pósta sem boris höfðu til foreldrafélagsins.

Leikfélag Akureyrar býður grunnskólanemendum 30% afslátt af aðgangseyri á sýninguna Galdragáttin og Þjóðsagan sem gleymdist. Öllu börnum í 4 bekk á Akureyrir er boðið á leiksýninguna eftir að María Pálsdóttir á Kristnesi hvatti fyrirtæki til að bjóða þeim og mörg fyrirtæki hafa lagt málefnið lið – sjá hér á facebooksiðu Maríu - <https://www.facebook.com/profile.php?id=602627668>

Helga Hrönn Óladóttir eigandi Steituskólans sendi boð um 45 mín. fyrirlestur fyrir 50.000,- krónur. Anna Lilja hafði farið á svona fyrirlestur í vinnunni og mælt með því, fleiri höfðu heyrt vel að þessu látið. Áhugi fyrir að fá fyrirlestur fyrir foreldra.

Náum áttum forvarnarfundur – www.naumattum.is – Heilsu og velferð barna og unglunga pósturinn koma frá Heimili og skóla. Morgunverðarfundur sem haldinn var á Grand Hotel 25/9. Spurning hvort sé sniðugt að fá þennan fund norður – spurning um að stinga uppá á Samtaka fundi?

Áætlað að næsti fundur stjórnar verði 4.-8. nóvember n.k.

Fundur settur kl. 19.30 og slitið kl. 21.00 fundargerði ritaði Anna Sjöfn.